

Skólasetning

Verzlunarskólinn var settur í 111. sinn fimmtudaginn 19. ágúst síðastliðinn. Í skólanum verða 1163 nemendur í vetur. Ávallt ríkir mikil eftirvænting á skólasetningu en þá hitta nemendur gamla og nýja bekkjarfélaga eftir sumarið. Að lokinni skólasetningu fengu nýnemar kynningu á náminu, skólahúsnæðinu, tölvukerfi skólans, bókasafninu, námsráðgjöf skólans og helstu skólareglum. Þá hittu nemendur umsjónarkennara sína.



Bókasafn

Bókasafn Verzlunarskólans er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og aðra sem við hann starfa. Nemendur eru hvattir til að nýta sér mjög góða aðstöðu safnsins til náms og frekari fróðleiks. Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 08-19 og föstudaga kl. 08-16. Opnunartíminn lengist á prófatíma.

Fjarnám

Fjarnám er kjörinn valkostur fyrir þá sem eiga eftir að ljúka námi eða vilja bæta við sig áföngum. Skráning á haustönn 2016 fer fram á heimasíðu skólans. Hægt er að skrá sig til og með 7. september. Kennsla í fjarnámi hefst 12. september, en þá verða aðgangsorð að kennslukerfinu send nemendum. Athugið að nemar í dagskóla geta ekki flýtt fyrir sér með því að taka einstaka áfanga í fjarnámi áður en þeir eru kenndir í dagskóla.

Nemendafélag NfVÍ

Nemendafélagið hefur ekki setið auðum höndum í sumar. Nefndir og ráð hafa unnið að undirbúningi komandi skólaárs. Ritnefnd Viljans gaf út Vonina, upplýsingablað fyrir nýnema, sem sent var heim til fyrsta árs nema. Ýmis fróðleikur er í blaðinu sem og kynning á starfsemi og viðburðum nemendafélagsins. Í því er einnig kynning á starfsfólki skólans og kort sem sýnir skólahúsnæðið. Allir nemendur hafa nú fengið Snobbið í hendurnar. Snobbið er dagbók og viðburðadagatal NfVÍ og gefið út af ritnefnd Verzlunarskólaláðsins. Þá var nýjum nemum boðið á kynningu nemendafélagsins í liðinni viku. Kynning fór fram á Marmaranum, þar sem allar nefndir sem starfa innan NfVÍ kynntu starfsemi sína.



Nýnemavika

Næsta vika, 29. ágúst til 2. september, verður tileinkuð nýnemum skólans. Skipulag er í höndum skemmtinefndar NfVÍ, en tilgangurinn er að bjóða nýnema velkomna og verða ýmsar uppákomur þá vikuna. Vikan nær hámarki föstudaginn 2. september þegar nýnemar halda í Borgarnes og gista þar eina nótt. Markmið vikunnar er að veita nýnemum eftirminnilega og jákvæða upplifun fyrstu dagana í nýjum skóla.

Foreldraaðgangur í INNU

Framhaldsskólar nota Innu á svipaðan hátt og grunnskólar nota Mentor. Foreldrar geta farið á nam.inna.is og valið "Sækja nýtt lykilorð" og þá er lykilorðið sent á einkanetfang, þ.e.a.s. ef það var tilgreint í umsókn nemandans um skólavist. Þegar skráð er inn í fyrsta sinn þarf síðan að breyta lykilorðinu. Krafa er gerð um 8 stafa lykilorð. Þá er gott að lesa yfir og leiðrétta persónuupplýsingar ef með þarf. Það er gert með því að velja ör við hlið myndarinnar, "Stillingar" og "Breyta persónuupplýsingum". Aðgangur foreldra rennur út þegar nemandinn verður 18 ára. Hann getur þá framlengt aðganginn í Innu með því að smella á myndina af sér og velja "Ég" og síðan „Aðstandendur“. Ef það er „Nei“ í reitnum „Aðgangur“ þá hefur aðstandandi ekki aðgang. Því er breytt með því að smella á blýantinn. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með námi barna sinna.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Versló stendur fyrir öflugum starfi meðal foreldra og eru foreldrar hvattir til að kynna sér starfsemina og finna félagið á Facebook.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir foreldra og forráðamenn nýnema var haldinn fimmtudaginn 25. ágúst. Þar fór skólastjóri yfir helstu atriði er lúta að námi við skólann. Félagslífið var kynnt sem og foreldrafélagið. Mjög góð mæting var á fundinum.



Heimasíða skólans

Á heimasíðu skólans er að finna ýmsan fróðleik sem getur komið að góðum notum. Hægt er að nálgast upplýsingar um skipulag námsins, áfangalýsingar, bókalista, netföng starfsmanna, upplýsingar um fjarnám, tengil á skólaláð og þá munu próftöflur birtast þar svo eitthvað sé nefnt.